

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði.

#### 1. gr.

Frá og með 10. mars 2007 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í norðanverðum Breiðafirði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Bjargtangar (grp. 33)
2. 65°23,00' N - 24°44,00' V
3. 65°20,00' N - 24°31,00' V
4. 65°20,00' N - 24°16,50' V
5. 65°10,00' N - 23°56,00' V
6. 65°11,38' N - 23°47,90' V
7. Skorarviti

Að norðan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

Þó eru á tímabilinu 15. mars til 15. maí heimilar línuveiðar vestan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 65°30,00' N - 24°14,00' V
2. 65°22,00' N - 24°19,00' V
3. 65°20,00' N - 24°21,20' V

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 168, 2. mars 2006, um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. mars 2007.*

F. h. r.

**Árni Múli Jónasson.**

*Þórður Eypórsson.*